

## 8. gr.

Markmið sjóðsins er að veita hjálp sjúklingum, sem búsettir eru í Keldunes-hreppi, og þó einkum sængurkonum, er ávallt skulu sitja fyrir styrk úr sjóðnum, nema sérstaklega aðkallandi brýnar þarfir séu til annars.

16

3. febr.

## 9. gr.

Þegar sjóðurinn hefur náð því að ársvextir hans verða kr. 80.00, má veita styrki úr honum allt að hálfum ársvöxtum. Þegar ársvextirnir eru orðnir kr. 100.00 má hækka styrkina í allt að kr. 60.00. Þegar ársvextirnir hafa náð kr. 200.00 má nota  $\frac{3}{4}$  þeirra til styrkveitinga, en eftir það að höfuðstóllinn hefur náð kr. 10000.00 að upphæð má taka til úthlutunar  $\frac{4}{5}$  hluta ársvaxtanna. Allir ónotaðir vextir leggist við höfuðstólinn með þeim takmörkunum sem um getur í 10. gr.

## 10. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt þegar svo stendur á, að eigi er veittur styrkur eitt-hvert árið, að geyma fé það, sem þá var heimilt að úthluta og ráðstafa því á næsta ári, en sé það eigi gert það ár, leggst það við höfuðstólinn.

## 11. gr.

Þegar ársvextir sjóðsins eru orðnir yfir kr. 500.00 er heimilt að verja einhverju af fé því, sem ætlað er til styrkveitinga, til að taka þátt í að launa eða launa að fullu lærða hjúkrunarkonu, er búsett sé og starfi í Kelduneshreppi.

## 12. gr.

Komist á svo fullkomin, lögboðin sjúkratrygging hér á landi, að líknarstarfsemi sú, er ræðir um hér að framan, sé óþörf, skal verja úthlutunarbærum tekjum sjóðsins til menningar börnum eða unglíngum heimilisföstum í Kelduneshreppi, og skal þá stjórn sjóðsins, með samþykki sýslunefndarinnar í Norður-Þingeyjar-sýslu, semja skipulagsskrá fyrir þá starfsemi.

## 13. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og hún birt í Stjórnartíðindum fyrir Ísland, B-deild.

Lóni í Kelduneshreppi, 19. desember 1944.

Björn Guðmundsson.

## AUGLÝSING

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Hvammstangakauptún,  
nr. 161 5. sept. 1939.

17

9. febr.

Gjöld samkvæmt hafnarreglugerðinni skulu innheimt með 50% viðauka á árinu 1945.

Ákvæði þessi staðfestast hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917 og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 9. febrúar 1945.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.